

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Haítí, nr. 55/2023.

1. gr.

*Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 1.3 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1804 frá 24. júní 2024 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2022/2319 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí, sbr. fylgiskjal 1.3.
- 2.3 Reglugerð ráðsins (ESB) 2024/1803 frá 24. júní 2024 um breytingu á reglugerð (ESB) 2022/2309 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí, sbr. fylgiskjal 2.3.

2. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

*Utánríkisráðuneytinu, 2. september 2024.*

**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.**

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal 1.3.**

**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/1804**  
**frá 24. júní 2024**  
**um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2022/2319**  
**um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/2319 frá 25. nóvember 2022 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí<sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 8. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 25. nóvember 2022 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2022/2319.
- 2) Hinn 2. október 2023 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna („öryggisráðið“) ályktun nr. 2699 (2023) þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að ástandið á Haítí héldi áfram að ógna friði og öryggi á alþjóðavettvangi og stöðugleika á svæðinu.
- 3) Ályktun öryggisráðs SP nr. 2699 (2023) fordæmir aukid öfbeldi, afbrotastarfsemi og mannréttindabrot sem grafa undan friði, stöðugleika og öryggi á Haítí og á svæðinu, þ.m.t. mannrán, kynferðislegt og kynbundið öfbeldi, mansal og smygl á farandfólki, morð, aftökur utan réttar og vopnasmygl. Ályktun öryggisráðsins nr. 2699 (2023) viðurkennir einnig hversu mikilvægt og brýnt það er að stemma stigu við ólöglegri sölu vopna og skotfæra til Haítí til að skapa öruggt rekstrarumhverfi fyrir alþjóðlegan stuðning við öryggi, þ.m.t. fjölþjóðlega öryggissveit.
- 4) Í 14. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 2699 (2023) er þess krafist að í stað markvissa vopnasölubannsins í tengslum við vopn og tengd hergögn, sem beita átti skv. 11. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 2653 (2022) gagnvart aðilum eða rekstrareiningum sem tilgreindar væru af nefndinni sem komið var á fót með 19. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 2653 (2022), komi vopnasölubann í tengslum við smávopn, léttvopn og skotfæri sem gilda skuli á öllu yfirráðasvæði Haítí.
- 5) Til að tryggja skilvirka framkvæmd 14. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 2699 (2023) þykir rétt að vopnasölubannið gildi um smá- og léttvopn, íhluti þeirra og fylgihluti, og skotfæri eins og fram kemur í viðaukanum við ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/38<sup>(2)</sup>, auk skotvopna, hluta þeirra og nauðsynlegra íhluta, og skotfæra eins og skilgreint er í reglugerð ráðsins (ESB) nr. 258/2012<sup>(3)</sup>.
- 6) Hinn 19. október 2023 samþykkti öryggisráðið ályktun nr. 2700 (2023) en í 11. mgr. hennar er skorað á ríki að leggja fram skriflega skýrslu til framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir, sem komið var á fót með 19. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 2653 (2022), ef skoðun sem framkvæmd er í samræmi við 13. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 2653 (2022) leiðir til haldlagningar hluta sem bannað er að afhenda, selja eða tilfæra skv. 14. mgr. ályktunar öryggisráðsins nr. 2699 (2023).
- 7) Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2022/2319 til samræmis við það.
- 8) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að framkvæma tilteknar aðgerðir.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*I. gr.*

Í stað 1. gr. ákvörðunar (SSUÖ) 2022/2319 kemur eftirfarandi:

*„I. gr.*

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja afhendi, selji, tilfæri eða flytji út, beint eða óbeint, smá- og léttvopn, íhluti þeirra og fylgihluti, og skotfæri, eins og fram kemur í viðaukanum við ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/38<sup>(4)</sup>, auk skotvopna, hluta þeirra og nauðsynlegra íhluta, og skotfæra eins og skilgreint er í reglugerð ráðsins (ESB) nr. 258/2012<sup>(5)</sup>, til Haítí, eða að það sé gert frá yfirráðasvæðum aðildarríkja eða að skip undir fána þeirra eða loftför þeirra séu notuð í því skyni, hvort sem fyrrnefnd tæki og töl eru upprunnin á yfirráðasvæðum þeirra eður ei.

2. Lagt er bann við því að:

- a) veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoð, þjálfun eða aðra ástoð, þ.m.t. að útvega vopnaða málaliða, í tengslum við útvegum, framleiðslu, viðhald eða notkun þeirra hluta sem um getur í 1. mgr., til Haítí,
  - b) veita tengt fjármagn eða fjárhagsástoð, þ.m.t. einkanlega styrki, lán og greiðsluvátryggingar vegna útflutnings, auk vátrygginga og endurtrygginga vegna hvers kyns sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þeirra hluta sem um getur í 1. mgr., eða vegna veitingar tengdrar tækniþjónustu eða annarrar ástoðar með beinum eða óbeinum hætti til Haítí.
3. Aðildarríki skulu skoða, í samræmi við landsyfírvöld og landslöggjöf sína og reglur þjóðaréttar, allar farmsendingar til Haítí á yfirráðasvæðum sínum, m.a. í höfnum og á flugvöllum, búi þau yfir upplýsingum sem gefa gilda ástæðu til að ætla að farmurinn innihaldi hluti sem bannað er að afhenda, selja, tilfæra eða flytja út samkvæmt þessari grein.
4. Aðildarríkin skulu tilkynna nefndinni, sem komið var á fót með 19. mgr. ályktunar öryggisráðs SP nr. 2653 (2022) (framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir), tímanlega um brot á ráðstöfununum sem um getur í 1. og 2. mgr. Aðildarríki skulu einnig leggja fram skriflega skýrslu til framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir ef skoðun sem fram fer skv. 3. mgr. leiðir til haldlagningar hluta.
5. Aðildarríkin skulu tryggja að til staðar séu viðunandi ráðstafanir um merkingar og skráahald til að rekja vopn, í samræmi við alþjóðlega og svæðisbundna gærninga sem þau eru aðilar að, og meta hvernig best sé að ástoða, þar sem við á og að beiðni viðkomandi landa, aðliggjandi lönd við að hindra og koma upp um ólögleg viðskipti og ólöglega notkun sem brýtur gegn ráðstöfununum sem komið er á með 1. og 2. mgr.
6. Bönnin sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. gilda ekki um:
- a) afhendingu, sölu, tilflutning eða útflutning hluta sem um getur í 1. mgr., eða veitingu tækniástoðar, þjálfunar eða annarrar ástoðar eða fjármagns eða fjárhagsástoðar, eins og um getur í a- og b-lið 2. mgr., til sendisveitar Sameinuðu þjóðanna eða sendisveitar með heimild frá Sameinuðu þjóðunum eða til öryggisveitar sem starfar undir stjórn ríkisstjórnar Haítí, sem ætluð eru til nota af hálfu þessara aðila eða í samráði við þá og er einungis ætlað að stuðla að friði og stöðugleika á Haítí,
  - b) afhendingu, sölu, tilflutning eða útflutning hluta sem um getur í 1. mgr., eða veitingu tækniástoðar, þjálfunar eða annarrar ástoðar eða fjármagns eða fjárhagsástoðar, eins og um getur í a- og b-lið 2. mgr., ef hún er samþykkt fyrir fram af framkvæmdanefndinni um þvingunaraðgerðir í því skyni að stuðla að friði og stöðugleika á Haítí.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Lúxemborg 24. júní 2024.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

J. BORRELL FONTELLES

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 135.

<sup>(2)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/38 frá 15. janúar 2021 um að koma á sameiginlegri nálgun varðandi þætti endanotendaskirteina í tengslum við útflutning á smá- og léttvopnum og skotfærum þeirra (Stjtið. ESB L 14, 18.1.2021, bls. 4).

<sup>(3)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 258/2012 frá 14. mars 2012 um framkvæmd 10. gr. bókunar Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri framleiðslu á og verslun með skotvopn, hluta þeirra, ihluti og skotfæri, sem er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi (bókun SP um skotvopn), og um að koma á útflutningsleyfum og innflutnings- og umflutningsráðstöfunum vegna skotvopna, hluta þeirra, ihluta og skotfæra (Stjtið. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/38 frá 15. janúar 2021 um að koma á sameiginlegri nálgun varðandi þætti endanotendaskirteina í tengslum við útflutning á smá- og léttvopnum og skotfærum þeirra (Stjtið. ESB L 14, 18.1.2021, bls. 4).

<sup>(5)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 258/2012 frá 14. mars 2012 um framkvæmd 10. gr. bókunar Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri framleiðslu á og verslun með skotvopn, hluta þeirra, ihluti og skotfæri, sem er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi (bókun SP um skotvopn), og um að koma á útflutningsleyfum og innflutnings- og umflutningsráðstöfunum vegna skotvopna, hluta þeirra, ihluta og skotfæra (Stjtið. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 1).“

**Fylgiskjal 2.3.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2024/1803**

frá 24. júní 2024

**um breytingu á reglugerð (ESB) 2022/2309  
um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/1804 frá 24. júní 2024 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2022/2319 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Hinn 25. nóvember 2022 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) 2022/2309<sup>(2)</sup> um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí.
- Með reglugerð (ESB) 2022/2309 er ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/2319<sup>(3)</sup> komið til framkvæmda og kveðið á um frystingu fjármuna og efnahagslegs auðs tiltekinnna aðila sem öryggisráð Sameinuðu þjóðanna eða viðkomandi framkvæmdanefnd Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir hefur tilgreint fyrir að taka þátt í eða styðja við gengjaofbeldi, afbrotastarfsemi eða mannréttindabrot eða grípa á annan hátt til aðgerða sem grafa undan friði, stöðugleika og öryggi Haítí og svæðisins.
- Með ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/1574<sup>(4)</sup> er komið á viðbótarviðmiðunum en á grundvelli þeirra getur Sambandið einhliða beitt ferðabönnum, frystingu eigna og banni við því að gera auð aðgengilegan einstaklingum, lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum („viðbótarráðstafanir“). Með ákvörðun (SSUÖ) 2023/1574 er enn fremur fastsett að undanþága af mannúðarástæðum frá aðgerðum varðandi frystingu eigna samkvæmt ályktun öryggisráðs SP nr. 2664 (2022) skuli einnig gilda um viðbótarráðstafanir.
- Hinn 24. júní 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/1804, sem breytir ákvörðun (SSUÖ) 2022/2319 í samræmi við ályktun öryggisráðs SP nr. 2699 (2023). Með ákvörðun (SSUÖ) 2024/1804 kemur vopnasölubann í tengslum við smávopn, léttvopn og skotfæri sem gilda skuli á öllu yfirráðasvæði Haítí í stað markvissa vopnasölubannsins í tengslum við vopn og tengd hergögn, sem beita átti gegn tilteknum einstaklingum og rekstrareiningum.
- Sumar þessara breytinga falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Lagasetning á vettvangi Sambandsins er því nauðsynleg til að koma í framkvæmd ákvörðun (SSUÖ) 2024/1804, einkum til að tryggja að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti henni með samræmdum hætti.
- Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2022/2309 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2022/2309 kemur eftirfarandi:

„2. gr.

- Lagt er bann við því að:
  - veita tækniástoð sem tengist því að útvega, framleiða, viðhalda og nota smá- og léttvopn, íhluti þeirra, fylgihluti og skotfæri eins og fram kemur í viðaukanum við ákvörðun (ESB) 2021/38<sup>(5)</sup> auk skotvopna, hluta þeirra og nauðsynlegra íhluta og skotfæra eins og skilgreint er í reglugerð ráðsins (ESB) nr. 258/2012<sup>(6)</sup>, beint eða óbeint til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun á Haítí, eða til notkunar á Haítí,
  - að veita fjármagn eða fjárhagsástoð, þ.m.t. einkum styrki, lán og greiðsluvátryggingar vegna útflutnings, svo og tryggingar og endurtryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings hluta sem um getur í a-lið eða sem tengist því að veita tengda tækniþjónustu með beinum eða óbeinum hætti til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar á Haítí, eða til notkunar á Haítí.
- Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um veitingu tækniástoðar eða fjármagns eða fjárhagsástoðar, eins og um getur í a- og b-lið 1. mgr., til sendisveitar Sameinuðu þjóðanna eða sendisveitar með heimild frá

Sameinuðu þjóðunum eða til öryggissveitar sem starfar undir stjórn ríkisstjórnar Haítí, sem ætluð eru til nota af hálfu þessara aðila eða í samráði við þá og er einungis ætlað að stuðla að friði og stöðugleika á Haítí.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 24. júní 2024.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

J. BORRELL FONTELLES

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L, 2024/1804, 25.6.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/1804/oj>.

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/2309 frá 25. nóvember 2022 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí (Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 17).

<sup>(3)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/2319 frá 25. nóvember 2022 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí (Stjtið. ESB L 307, 28.11.2022, bls. 135).

<sup>(4)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2023/1574 frá 28. júlí 2023 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2022/2319 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins á Haítí (Stjtið. ESB L 192, 31.7.2023, bls. 21).

<sup>(5)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2021/38 frá 15. janúar 2021 um að koma á sameiginlegri nálgun varðandi þætti endanotendaskirteina í tengslum við útflutning á smá- og léttvopnum og skotfærum þeirra (Stjtið. ESB L 14, 18.1.2021, bls. 4).

<sup>(6)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 258/2012 frá 14. mars 2012 um framkvæmd 10. gr. bókunar Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri framleiðslu á og verslun með skotvopn, hluta þeirra, íhluti og skotfæri, sem er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi (bókun SP um skotvopn), og um að koma á útflutningsleyfum og innflutnings- og umflutningsráðstöfunum vegna skotvopna, hluta þeirra, íhluta og skotfæra (Stjtið. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 1).